

# Brasilía: Nýtt heimsveldi

## Leiðbeiningar fyrir kennara



Úr þáttaröðinni  
„Landfræði á heimsvísu“

17 mínútna löng fræðslumynd  
á vef ætluð nemendum á  
mið- og unglingastigi grunnskóla.



Brasilía: Nýtt heimsveldi

© 2012 BENCHMARK MEDIA

© 2012 Þýðandi Gunnar Hrafn Jónsson

© 2012 myndir á forsiðu © Halldór Kristinn Halldórsson

Ritstjóri: Sigrún Sóley Jökulsdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2012

Námsgagnastofnun

Kópavogi

Umbrot og útlit: Námsgagnastofnun

**Námsgagnastofnun**

**045138**

## Markmið

Að hjálpa nemendum að öðlast skilning á:

- Af hverju Brasilía hefur nýlega öðlast aukið vægi sem efnahagslegt stórveldi á heimsmælikvarða.
- Hinni miklu landfræðilegu stærð Brasilíu og hvaða áhrif hún hefur á stöðu landsins í alþjóðlegu samhengi.
- Hvernig menning frumbyggja, Afríku- og Evrópumanna hefur myndað einstaka blöndu í Brasilíu.
- Gríðarlegum náttúruauðæfum Brasilíu, öflugum iðnaði og landbúnaði og ört vaxandi millistétt.
- Hvernig stjórnvöld breyttu stefnu sinni á tíunda áratug síðustu aldar, innleiddu markaðs-umbætur, einkavæddu óarðbær ríkisfyrirtæki og hófu þær breytingar sem blasa við í dag.
- Þeim vandamálum sem stafa af eyðingu Amason regnskógarins og mengun af völdum námugraftar og hvaða leiðir hafa verið farnar til að takast á við vandann.

## Áður en myndbandið er sýnt

1. Sýnið nemendum kort af Suður-Ameríku og bendið þeim á hvar Amasonfljótið flæðir að austan frá Andesfjöllum í gegnum vatnasvæðin og út í Atlantshafið við miðbaug á norðausturströndinni (þar sem sykurreyr er ræktaður). Bendið einnig á Amason regnskóginn og borgirnar Sao Paulo, Río de Janeiro og höfuðborgina Brasilíu.
2. Stofnið til umræðna um námsefnið með því að spyrja nemendur hvað þeir viti um Brasilíu og skrifa svörin á töflu. T.d. mætti spyrja hversu stórt hagkerfið er miðað við önnur lönd á vesturhveli jarðar og hvaðan fólkið sem býr í Brasilíu kom upphaflega.
3. Þá mætti spyrja hvernig það sem er að gerast í Brasilíu hefur áhrif á okkur og umheiminn allan (stækkandi hagkerfi landsins, áhrif Amason regnskógarins á hlýnun jarðar, alþjóðleg viðskipti, stöðugleiki í stjórnmálum, hagvöxtur, mannréttindi, lýðræði). Umræðunum er svo hægt að halda áfram eftir að myndbandið hefur verið sýnt og ræða hvort nemendur hugsi nú um Brasilíu á annan hátt eða telji sig hafa bætt við vitneskju sína.

## Innihald myndbandsins

### 1. kafli: Inngangur, landið, loftslag, gróðurfar 3 mín.

Byrjar á stuttum inngangi um fjölmenningsarsamfélagið í Brasilíu, ný tækifæri í atvinnulífinu og gríðarlega stærð landsins. Landsvæði Brasilíu nær yfir tæpan helming allrar Suður-Ameríku. Amasonfljótið liggur um hitabeltissvæðið í norðurhluta landsins. Nær daglega er úrhellisrigning í Amason regnskóginum sökum rakra vinda sem blása frá Atlantshafi.

### 2. Kafli: Fólkið og menningin 3 mín.

Suðurhluti Brasilíu hefur tempraðara loftslag og því settust flestir evrópskir landnámsmenn þar að. Þeir ráku búgarða og byggðu stærstu borgir landsins á strandlengjunni. Þegar portúgalskir landnámsmenn komu fyrst til svæðisins á 16. öld frömdu þeir fjöldamorð á frumbyggjum og sjúkdómar sem Evrópumennirnir báru með sér drógu enn fleiri innfædda til dauða þar sem þeir höfðu engar ónæmisvarnir gegn þeim. Portúgalarnir uppgötvuðu að loftslagið og jarðvegurinn á norðausturströndinni var tilvalinn fyrir ræktun á sykurreyr, sem var þyngdar sinnar virði í gulli, og fluttu 6 milljónir þræla frá Afríku til að vinna á gríðarstórum plantekrum. Í dag teljast aðeins 7% þjóðarinnar vera beinir afkomendur afrískra þræla en

43% teljast blandaðir af Evrópumönnum, Afríkumönnum og frumbyggjum. 50% rekja ættir sínar beint til Evrópu og þó ýmissa menningaráhrifa gæti er portúgalska þjóðtungan í Brasilíu og langflestir íbúar landsins eru kaþólskrar trúar, rétt eins og í Portúgal. Arfleiðin er því sterk.

### 3. Kafli: Hagkerfið 5 mín.

Á síðastliðnum áratug hefur hlutfall þeirra sem glíma við sára fátækt lækkað um helming og aukinn kaupmáttur hinnar ört vaxandi millistéttar hefur örvað hagvöxt. Brasilía er meðal stærstu útflytjenda á málmi og steinefnum, harðviði, nautakjöti og ýmsum landbúnaðarvörum. Snemma á tíunda áratug síðustu aldar varð mikil og skyndileg aukning á misskiptingu vegna gríðarlegrar verðbólgu sem ógnaði stöðugleika landsins um tíma. Viðbrögð stjórnvalda voru að innleiða skynsamlegar efnahagsumbætur og innan fárra ára var verðbólgan úr sögunni. Meðal annars voru óarðbær ríkisfyrirtæki einkavædd, þar á meðal flugvélaframleiðsla og olíufyrirtæki, og þau seld (að hluta eða öllu leyti) fjárfestum í einkageiranum. Gjöfular olíulindir hafa fundist neðansjávar. Stjórnvöld hvetja fólk til að flytjast frá stóru borgunum við strandlengjuna og fara lengra inn í land þar sem ný tækifæri eru að skapast.

### 4. Kafli: Umhverfismál 5 mín.

Tré „anda að sér“ koltvísýringi og breyta honum í hreint súrefni. Gríðarlegt skógarhögg í Amason regnskóginum stafar af ásókn í timbur og þörf á landi fyrir umfangsmikla landbúnaðarstarfsemi. Eyðing regnskóganna eykur því magn koltvísýrings í andrúmsloftinu sem veldur gróðurhúsaráhrifum og hlýnun jarðar. Þá eru eiturefni, sem eru notuð við námugróft og vinnslu málma, einnig áhyggjuefni því þau menga jarðvatn. Alþjóðasamfélagið, fyrst og fremst vesturveldin, vinna sameiginlega með stjórnvöldum í Brasilíu að því að finna lausnir á þessum vandamálum.

## Eftir að myndbandið hefur verið sýnt

Farið yfir fyrri umræður og það sem skrifað var á töfluna. Farið yfir hvernig þau svör kynnu að hljóma eftir að myndbandið var sýnt og hvaða breytingar hafa orðið á skilningi nemenda á Brasilíu.

Hér fylgir spurningalisti. Skiptið nemendum upp í tveggja manna hópa og biðjið þá að svara því hvað þeim þyki áhugaverðast í námsefninu og vildu helst skoða frekar.

- Hvað var það sem brasilíska ríkisstjórnin gerði til að stöðva ódaverðbólgu á tíunda áratug síðustu aldar og hvernig leiddi það til mikils hagvaxtar á síðustu árum?
- Hvernig varð Brasilía að þeim suðupotti fjölmenningar sem landið er í dag?
- Hvað gerðu stjórnvöld í Brasilíu til að búa til vænlegt pólitískt umhverfi fyrir fjárfestingar í landinu?
- Hvers konar lönd eru það sem kaupa mest af steinefnum og málmi frá Brasilíu, t.d. járn?
- Hverjir kaupa mest af nautakjöti eða öðrum matvælum frá Brasilíu?
- Hvað gætu verið helstu kostir og gallar þess að nýta gjöfular olíulindir sem nýlega fundust á miklu dýpi við strendur Brasilíu? Hverjir græða? Fjárfestar, verkamenn, hagkerfið? Hver eru umhverfisáhrifin?
- Hvaða aðgerða myndir þú vilja grípa til í baráttunni gegn eyðingu Amason regnskógarins? Hvernig væri hægt að bæta þær skemmdir sem hafa verið unnar?
- Hvaða brasilísku vörur eru aðallega fluttar hingað til lands? Hvaða vörur gætum við flutt til Brasilíu?

Þegar nemendur hafa valið sér spurningu rannsaka þeir málið frekar og gera kennara og samnemendum grein fyrir niðurstöðum sínum. Síðan er hægt að halda umræður um málið, rannsaka það enn frekar, og skila lokaniðurstöðum. Þær spurningar sem ekki eru valdar sem ritgerðarefni er hægt að nýta til að stofna til almennra umræða í bekknum.

Ef kennarar óska eftir að prenta út þessar spurningar er hægt að velja tvær ólíkar uppsetningar á spurningunum.

### **Vefsíður til frekari rannsókna**

Vefur Sameinuðu þjóðanna <http://globalis.is/>

Lönd heimsins <http://www1.nams.is/loend/index.php>

### **Fræðslumynd frá Námsgagnastofnun**

Ríki heims – Amason, glötuð paradís

<http://nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/?productid=123df100-29cf-4e97-9ebc-42-d097171f6c&categoryid=59219023-503a-4560-b657-3424b50b3b17>

# Hópverkefni með fræðslumynd um Brasilíu

Í hópnum eru: \_\_\_\_\_

1. Hvað var það sem brasilíska ríkisstjórnin gerði til að stöðva óðaverðbólgu á tíunda áratug síðustu aldar og hvernig leiddi það til mikils hagvaxtar á síðustu árum?

---

---

---

2. Hvernig varð Brasilía að þeim suðupotti fjölmenningar sem landið er í dag?

---

---

---

3. Hvað gerðu stjórnvöld í Brasilíu til að búa til vænlegt pólitískt umhverfi fyrir fjárfestingar í landinu?

---

---

---

4. Hvers konar lönd eru það sem kaupa mest af steinefnum og málmum frá Brasilíu, t.d. járni?

---

---

---

5. Hverjir kaupa mest af nautakjöti eða öðrum matvælum frá Brasilíu?

---

---

---

- 6.** Hvað gætu verið helstu kostir og gallar þess að nýta gjöfular olíulindir sem nýlega fundust á miklu dýpi við strendur Brasilíu? Hverjir græða? Fjárfestar, verkamenn, hagkerfið? Hver eru umhverfisáhrifin?

---

---

---

- 7.** Hvaða aðgerða myndir þú vilja grípa til í baráttunni gegn eyðingu Amason regnskógarins? Hvernig væri hægt að bæta þær skemmdir sem hafa verið unnar?

---

---

---

- 8.** Hvaða brasilísku vörur eru aðallega fluttar hingað til lands? Hvaða vörur gætum við flutt til Brasilíu?

---

---

---

# Hópverkefni með fræðslumynd um Brasilíu

Í hópnum eru: \_\_\_\_\_

1. Hvað var það sem brasilíska ríkisstjórnin gerði til að stöðva óðaverðbólgu á tíunda áratug síðustu aldar og hvernig leiddi það til mikils hagvaxtar á síðustu árum?
2. Hvernig varð Brasilía að þeim suðupotti fjölmenningar sem landið er í dag?
3. Hvað gerðu stjórnvöld í Brasilíu til að búa til vænlegt pólitískt umhverfi fyrir fjárfestingar í landinu?
4. Hvers konar lönd eru það sem kaupa mest af steinefnum og málmum frá Brasilíu, t.d. járn?
5. Hverjir kaupa mest af nautakjöti eða öðrum matvælum frá Brasilíu?
6. Hvað gætu verið helstu kostir og gallar þess að nýta gjöfular olíulindir sem nýlega fundust á miklu dýpi við strendur Brasilíu? Hverjir græða? Fjárfestar, verkamenn, hagkerfið? Hver eru umhverfisáhrifin?
7. Hvaða aðgerða myndir þú vilja grípa til í baráttunni gegn eyðingu Amason regnskógarins? Hvernig væri hægt að bæta þær skemmdir sem hafa verið unnar?
8. Hvaða brasilísku vörur eru aðallega fluttar hingað til lands? Hvaða vörur gætum við flutt til Brasilíu?